

Fundargerð Háskólaráðs 11. desember 2013

Staðsetning: Guðmundarstofa 15.30

Mættir: Vilhjálmur Egilsson, Signý Óskarsdóttir, Guðjón Freyr Gunnarsson, María Einarsdóttir, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Tinna Jóhannsdóttir, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Sigtryggur Arnþórsson.

Fjarverandi: Guðmundur Ólafsson, Andrea Valgeirsdóttir, Þorvaldur Jónsson, Jón Freyr Jóhannsson, Sigrún Lilja Einarsdóttir,

1. Umræður um framtíð háskóla
2. Erindi frá nemendum Háskólagáttar
3. Lotukennsla
4. Nordic Leadership Model
5. Asia Center
6. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir bárust og fundargerð samþykkt

2. Gæðamál

Farið var yfir stöðuna á innra mati fagsviða. Matsskýrslan fyrir fjarnámið á viðskiptasviði er í umsagnarferli innan sviðssins og er því stýrt af formanni gæðaráðs og sviðsstjóra. Skýrslan er að klárast og verður send frá skólanum fyrir áramótin.

Matsskýrslan fyrir félagsvísindasvið er styttra á veg komin en fráfarandi sviðsstjóri mun fylgja þeirri vinnu eftir í samvinnu við gæðaráð. H

Rætt var um eftirfylgni vegna innra mats fagsviða og tilgang umbótaáætlanna.

Háskólaráð skipaði í eftirfarandi hópa vegna innra mats fagsviða og innra mats stofnunnar sem fer af stað í janúar 2014 samkvæmt V310 og V340 í gæðahandbók skólans.

Matshópur á viðskiptasviði

- Sigurður Ragnarsson, sviðsstjóri
- Ingólfur Arnarsson, kennari

- Tveir nemendur sem tilnefndir verða af MERKÚR félagi nemenda á viðskiptasviði.
- Einn erlendur sérfræðingur sem gæðaráð háskólanna þarf að samþykkja.

Matshópur á lögfræðisviði samkvæmt V310

- Helga Kristín Auðunsdóttir, sviðsstjóri
- Maj Britt Hjördís Briem, aðjúnt og fulltrúi í gæðaráði.
- Tveir nemendur skipaðir af NOMOS
- Erlenfur sérfræðingur sem gæðaráð háskólanna þarf að samþykkja.

Matshópur fyrir innra mat stofnunar

- Anna Elísabet Ólafsdóttir, aðstoðarrekter
- Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, Kennslustjóri
- Formaður gæðaráðs
- Tveir nemendur sem miðstjórn Nemendafélagsins mun tilnefna.

Rætt var um samanburðarskóla sem skólinn miðar sig við og úr þessum skólum getur gæðaráð háskólanna valið sérfræðinga í hóp ytri matsaðila árið 2015.

Tilkynnt var að kennslumat haustannar verði lagt fyrir á fyrstu fundum nýs árs í fagráði, gæðaráði og háskólaráði.

3. Vinna við fjárhagsáætlun 2014

Fjárhagsáætlun er að ná saman þrátt fyrir 80 milljóna lægra framlag frá ríkinu. Rannsóknarstofnun atvinnulífsins og rannsóknarsetur verslunarinnar munu verða séreignarstofnannir. Gert er ráð fyrir hærri skólagjöldum sem nemur 17.000 kr. á önn en sú ákvörðun er tekin í samhengi við að vegna hækkunar skráningargjalda í opinbera háskóla er dregið úr framlögum til háskóla á móti. Einnig er gert ráð fyrir fleiri nemendum á næsta skólaári jafnvel þó innritanir verði jafnmargar og síðastliðið haust. Farið verður af stað með BS nám í matvælaekstrarfræði og stjórnálagfræði sem bundnar eru vonir við að fjölgi nemendum enn frekar.

Aukinn kraftur verður settu í rekstur ferðaþjónustu á staðnum og áætlað að bætt nýting verði á gistirými og þjónustu á svæðinu.

Áætlað er að sýning um íslenskt atvinnulíf verði sett upp fyrir sumarið 2014 en sú vinnan við undirbúning sýningarinnar er í fullum gangi.

4. Umræður um framtíð háskóla

Háskólinn á Bifröst mun standa sjálfstæður áfram og engin plön um sameiningar við aðrar stofnanir í vændum. Undir þessum lið var rætt um stöðu Lbhí sem virðist stefna að sameiningu við HÍ þrátt fyrir andspyrnu sveitarfélagsins í þessum efnum. Þetta hefur þó ekki verið ákveðið formlega.

Rætt var um þróun í símenntun við Háskólann á Bifröst og kynnt að verið er að vinna að hugmyndum um námskeið fyrir matvælaíðnaðinn, verslun og þjónustu.

5. Erindi frá nemendum Háskólagáttar

Stór meirihluti nemenda í Háskólagátt óskar eftir því að fá að vera með húfu við útskrift. Þetta var rætt og ákveðið að stjórn félags nemenda í Háskólagátt, Alfa, sjái um að velja lit á húfuna og framkvæmd.

6. Lotukennsla

Aðstoðarrektor ræddi um lotukennslu á næsta skólaári bæði fyrir Staðnám og fjarnám. Ákveðið var að halda háskólafund til þess að hafa opnar umræður um kosti og galla lotukennslunni eins og henni hefur verið stillt upp. Fulltrúar nemenda lýstu ánægju sinni með þetta fyrirkomulagið og vísuðu í að flestir í staðnámi hafi lært í lotum t.d. á sumarönnum. Rætt var að Háskólagáttin ætti að skipuleggja námið alfarið í lotum í staðnámi og fjarnámi. Til eru gögn og hugmyndir um mismunandi útfærslur á skipulagi náms í Háskólagátt frá því að vinnuhópur sem sinnti þróun og endurskoðun á námskrá frumgreinadeildar og yfirfærslu hennar yfir í F-ein í Háskólagátt.

Rætt var um kosti lotukennslunnar sem mun auka svigrúm nemenda til þess að einbeita sér að fáum námskeiðum í einu og meira svigrúm verður fyrir upplestrartíma í kringum próf.

Einnig var rætt aukna möguleika fyrir aðkomu erlendra sérfræðinga að kennslu við skólann í lotufyrirkomulaginu.

7. Nordic Leadership Model

Rektor kynnti hugmyndir að samstarfi við CapaHouse um rannsóknir og greiningu á þeim þáttum sem einkenna stjórnun og rekstur norrænna fyrirtækja og hvernig þessir þættir gera það að verkum að þessi fyrirtæki standa sig vel og skara fram úr á mörgum sviðum. Til grundvallar verður lagður grunnur í stjórnunarfræðum og áætlað er að stofna Íslensku viðskiptaakademíuna sem mun hafa það hlutverk að móta the Nordic Leadership model. Enn er þetta hugmynd sem verið er að fylgja eftir.

8. Asia Center

Rektor kynnti hugmyndir um Asia Center við Háskólann á Bifröst. Skólinn er í samstafi við þó nokkra háskóla í Asíu og mikilvægt að búa til stofnanaleg tengsl til þess að verkefnið geti verið sjálfbært í tengslaneti. Einnig kynnti hann gildi þess fyrir Háskólann á Bifröst, Asíu og

Ísland að setja á laggirnar slíkt setur. En hlutverk þess gæti verið að bjóða upp á meistaranám í asískum fræðum með mismunandi áherslum á stjórnun og viðskipti. Einnig er gert ráð fyrir því að bjóða upp á menntun og þjálfun stjórnenda innan íslenskra fyrirtækja. Hægt væri að nýta afrakstur úr Nordic Leadership Model til að móta nám og fræðslu Asískra fyrirtæja sem boðið yrði upp á í samstarfi við Asíska háskóla. Nemendur gætu nýtt sér námsaðstöðu bæði hér heima og erlendis.

9. Önnur mál

Nemendur komu með ábendingu um að betur þurfi að standa að hönnun hópverkefna. Of mikið er af verkefnum sem nemendur eiga auðvelt með að skipta á milli sín eftir efnispáttum og þá er tilgangi hópverkefna ekki náð sem ættu að byggjast á samvinnu og umræðum.

Einnig var rætt um nýsköpunarstarf nemenda við skólann og leiðir til þess að fjármagna það starf. Nokkrar hugmyndir voru ræddar eins og að tengja skólann betur við nýsköpun á vesturlandi og láta nemendum í té húsnæði til afnota, nemendur hafa fengið rými til að nota en húsnæðisvið þarf að tæma það rými svo nemendur geti komið sér fyrir.

Fyrirspurn kom frá nemanda um hugsanlegan fjölda nemenda sem munu koma úr Háskólagátt og inn í Háskólann á Bifröst. Lögð var fyrir könnun meðal nemenda í Háskólagátt og þeir spurðir að því hvort þeir stefna á háskólanám eftir útskrift og þá hvert þeir stefna. Mikill hluti nemenda í Háskólagátt stefnir á nám við Bifröst, en einhver hluti þeirra stefnir annað í nám. Rætt um að kynna vel fyrir þessum nemendum hvað Bifröst hefur upp á að bjóða í námi og námsaðstöðu.

Fundi slitið 16.40

Fundarritari Signý Óskarsdóttir